

Flokkun og frágangur á ull - 2024

Rúningur og flokkun ullar eru lykilskref í ullarvinnsluferlinu. Gæði hráefnisins er undirstaðan fyrir allt sem á eftir kemur. Ull er hægt að nýta á margvíslegan hátt. Mismunandi flokkar eru notaðir í mismunandi verkefni. Því er mikilvægt að rétt sé staðið að flokkun. Leitast er eftir því að ullin sé flokkuð í sem einsleitasta flokka og unnt er, þannig nýtast eiginleikar hráefnisins best.

Mælst er til þess að þessar leiðbeiningar séu lesnar að fullu áður en rúningur hefst.

Undirbúningur og vinnulag

Sauðfé

Mjög mikilvægt er að **féð sé hreint og þurr** þegar rúið er til þess að tryggja að ullin haldist óskemmd. Reynt skal að komast hjá því að taka fé á hús áður en það er rúið. Hýsing í nokkra daga áður en rúið er getur spillt ullinni verulega og veldur því jafnan að fyrsta flokks ull verður annars flokks. Eftir föngum skal forðast að gefa fénu til þess að komast hjá heymori í ullinni. Ull með heymori telst ekki fyrsta flokks. Ull með mjög miklu mori skal setja í úrkast.

Best er að forflokka féð áður en rúið er, þannig að lömb séu sér og mislitt og hvítt fé aðskilið. Auk þess getur verið hentugt að flokka hvíta féð í tvennt. Annars vegar vel hvítt fé með gallalitra ull sem ætti að flokkast að mestu í H-1-H. Hins vegar hvítt fé með lakari ull þ.e. fé með gulleita ull eða aðra minni háttar galla en sú ull ætti að flokkast að mestu í H-2-H. Forflokun flýtir fyrir en kemur ekki í stað flokkunar.

Aðstaða og skipulag

Séð skal til þess að vinnuástaða sé hrein, þurr og allir lausir munir fjarlægðir, á það einnig við um réttir og hús. Einnig skal séð til þess að verkfæri séu hrein áður en hafist er handa við rúning.

Ullarreyfin skulu vera flokkuð jafnóðum og rúið er. Sá sem flokkar ullina þarf að geta tekið hvert reyfi upp á stórt flokkunarborð til þess að flokka í sundur betri og lakari ull og taka frá gallaða ull.

Nauðsynlegt er að hafa gott ljós!

Poka skal hafa við hendina til að taka við flokkaðri ull og úrkasti. Mikilvægt er að halda aðstöðunni hreinni og sópa reglulega. **Hreinsa þarf aðstöðuna sérstaklega vel þegar farið er á milli lita.**

Rúningur – skipulag

Hvíta féð á alltaf að rýja fyrst! Þannig er komið í veg fyrir að hvít ull mengist af dökkum hárum (hvít litmenguð ull flokkast í M-2). Réttast er að byrja á hvítum lömbum og taka síðan hvítar ær en allt mislitt fé á eftir. Einnig þarf að gæta þess að litasmit verði ekki í sauðalitunum, sérstaklega ber að varast að hvít ull blandist við sauðalitina.

Við rúning skal byrja á því að taka frá litaða ull (sprey-litir), kviðull og hnakkahár.


Flokkun

Ullarreyfin skulu flokkuð jafnóðum og rúið er. Reyfin skulu metin á stóru borði undir góðu ljósi.

Flokkun á bestu flokkunum, H-1-L, H-1-H og hreinum sauðalitum (M-S, M-G, M-M) er tímafreakust þar sem þessir flokkar eiga að vera gallalausir. Flokkunin þarf ekki að vera tímafreak ef skipulagið er gott.

Hvítt haustreyfi

Myndin hér að neðan sýnir gróflega hvernig skal flokka hvítt haustreyfi.



Tafla 1: Ullarflokkar í haust og vetrarúinni ull

HAUSTRÚIN ULL	
H-1-H	Hvít – Fyrsti flokkur – Haustull
H-2-H	Hvít – Annar flokkur – Haustull
H-3-H	Hvít – Þriðji flokkur – Haustull
H-1-L	Hvít – Fyrsti flokkur – Lambsull
H-2-L	Hvít – Annar flokkur – Lambsull
M-2-L	Mislit – Annar flokkur – Lambsull
M-S-H	Mislit – Svört – Haustull
M-G-H	Mislit – Grá – Haustull
M-M-H	Mislit – Mórauð – Haustull
M-S-2-H	Mislit – Svört – Annar flokkur – Haustull
M-M-2-H	Mislit – Mórauð – Annar flokkur – Haustull
M-2-H	Mislit ull – Annar flokkur – Haustull

VETRARRÚIN ULL	
H-2-V	Hvít – Annar flokkur – Heilsársull
H-Snoð	Hvít – Snoðrúin – Vetrarull
M-S-V	Mislit – Svört – Vetrarull
M-G-V	Mislit – Grá – Vetrarull
M-M-V	Mislit – Mórauð – Vetrarull
M-2-V	Mislit ull – Annar flokkur – Vetrarull

Í M-2-V fer annars flokks vetrarull (heilsárs- og snoðull) af mislitu fé.

Taka þarf frá gallaða og skemmda ull og flokka á viðeigandi hátt.

Tafla 2: Tafla yfir helstu galla í ull og í hvaða flokkum þeir eru leyfilegir

	H1H	H2H	H3H	H1L	H2L	MS/G/M	MS/M 2	M2L	M2	H2V	HSnoð
Heymor	Nei	Lítið	Lítið	Nei	Lítið	Nei	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið
Hagamor	Nei	Lítið	Lítið	Nei	Lítið	Nei	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið
Húsagulka	Nei	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Já
Húsvistarskemmdir	Nei	Vægar	Já	Nei	Vægar	Nei	Já	Já	Já	Já	Já
Hlandbruni	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já
Mýrarrauði	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Nei
Blökk ull	Nei	Já	Já	Nei	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	Já
Mjög gul ull	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já
Dökk hár í hvítri ull	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	-	-	Já	Já	Já	Já
Sprey-lituð ull	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei
Þófin ull	Nei	Létt	Létt	Nei	Létt	Nei	Létt	Létt	Létt	Létt	Létt
Þófasneplar*	Nei	Litlir	Litlir	Nei	Nei	Nei	Litlir	Nei	Litlir	Litlir	Nei
Kleprar	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Tvíreyfi	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Snoðkápa	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Hnakkahár	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Gæruull	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei

*Þófasneplar stærri en hálfur þumall og harðþófnir þófasneplar skulu fara í úrkast.

Gallar sem eru ekki leyfðir í neinum flokk í töflunni hér að ofan fara í úrkast. Ull með miklu heymori fer í úrkast. Harðir kleprar og þófar fara í úrkast. Harðþófin ull fer í úrkast.

Ef ekki er hægt að rífa reyfið auðveldlega í sundur milli handanna þá telst það ekki vinnsluhæf vara og skal fara í úrkast.

Ull af kindum sem ekki hafa verið snoðrúnar (með snoðkápu) telst ekki vinnsluhæf vara og skal flokka í úrkast. Flokkun er skýrð frekar í flokkunartöflunum hér að neðan.

Óflokkuð ull

Frá og með haustinu 2018 er tekið við óflokkaðri hvítri haustull. Ullina þarf að flokka eftir lit og aldri og merkja pokana

Ó-H-L : fyrir Óflokkaða Hvíta Lambsull

Ó-H-H : fyrir Óflokkaða Hvíta Haustull

Merkja skal pokana vel. **Forðast skal litamenganir, litmenguð hvít ull flokkast sem M-2.**

Ullarmatsmenn á Blönduósi munu flokka ullina eftir gildandi flokkunarreglum. Gjald er tekið fyrir flokkunina, **75 kr/kg**, sem verður dregið frá afreikningi.

Hvít haustull af lömbum

Tafla 3: Flokkun á hvítri lambsull (haustrúin)

Hvít lambsull	Litur	Hreinleiki	Leyfilegir gallar	Gróf ull
H-1-L	<ul style="list-style-type: none">Hvít lambsull	<ul style="list-style-type: none">Hreinleg	<ul style="list-style-type: none">Gallalaus og óskemmd	<ul style="list-style-type: none">Læra- og kviðull skal taka frá, fer í H-2-L
H-2-L	<ul style="list-style-type: none">Hvít lambsullBlökk lambsull	<ul style="list-style-type: none">Nokkuð hrein	<ul style="list-style-type: none">Gallalítill og óskemmdLítið magn hey/hagamorVægar húsvistarskemmdirLétt þófin	<ul style="list-style-type: none">Kviðull af lömbumLæraull af lömbum
H-3-H	<ul style="list-style-type: none">Hvít ullBlökk ullGulleit ull	<ul style="list-style-type: none">Hreinleiki breytilegur	<ul style="list-style-type: none">Lítið magn hey/hagamorHúsvistarskemmdirHlandbrunninLétt þófinLitlir þófasneplar	<ul style="list-style-type: none">Gróf ull
M-2-L	<ul style="list-style-type: none">Hvít lambsull með dökkum hárum/blettumMjög gul lambsull	<ul style="list-style-type: none">Nokkuð hrein	<ul style="list-style-type: none">Lítið magn hey/hagamorHúsvistarskemmdirMýrarrauðiLétt þófin	<ul style="list-style-type: none">Kviðull af lömbumLæraull af lömbum
M-2	<ul style="list-style-type: none">Sprey-lituð ull			
Úrkast		<ul style="list-style-type: none">Mjög óhreinMikið hey/hagamorKleprar	<ul style="list-style-type: none">Mjög þófin ull	<ul style="list-style-type: none">Hnakkahár

Hvít lambsullarreyfi sem er ekki tækt í H-2-L vegna óhreininda eða galla skal flokka í H-3-H.

Hvít haustull af fullorðnu fé

Tafla 4: Flokkun á hvítri haustull

Hvít haustull	Litur	Hreinleiki	Leyfilegir gallar	Gróf ull
<i>H-1-H</i>	<ul style="list-style-type: none">Hvít ull	<ul style="list-style-type: none">Hreinleg	<ul style="list-style-type: none">Gallalaus og óskemmd	<ul style="list-style-type: none">Læra- og kviðull skal taka frá, fer í H-3-H
<i>H-2-H</i>	<ul style="list-style-type: none">Hvít ullBlökk ull	<ul style="list-style-type: none">Nokkuð hrein	<ul style="list-style-type: none">Gallalítill og óskemmdLítið magn hey/hagamorVægar húsvistarskemmdirLétt þófinLitlir þófasneplar	<ul style="list-style-type: none">Læra- og kviðull skal taka frá, fer í H-3-H
<i>H-3-H</i>	<ul style="list-style-type: none">Hvít ullBlökk ullGul ullHvít ull með dökkum hárum	<ul style="list-style-type: none">Hreinleiki breytilegur	<ul style="list-style-type: none">Lítið magn hey/hagamorHúsvistarskemmdirHlandbrunninLétt þófinLitlir þófasneplar	<ul style="list-style-type: none">KviðullLæraullToggróf og/eða þellítill ull
<i>M-2</i>	<ul style="list-style-type: none">Hvít ull með dökkum hárum/blettumMjög gul ullSprey-lituð ull		<ul style="list-style-type: none">Mýrarrauði	
<i>Úrkast</i>		<ul style="list-style-type: none">Mjög óhreinMikið hey/hagamorKleprar	<ul style="list-style-type: none">Mjög þófin ullHarðir þófasneplar	<ul style="list-style-type: none">Hnakkahár

Mislit haustull af lömbum

Lamsull í hreinum sauðalitum skal flokka með ull af fullorðnu fé (sjá töflu 6). Mislit, annars flokks lamsull er flokkuð í sérflokk.

Tafla 5: Flokkun á mislitri lamsull (haustrúin)

Mislit lamsull	Litur	Hreinleiki	Leyfilegir gallar	Gróf ull
<i>M-S/M-G/M-M</i>	<ul style="list-style-type: none">Lamsull í hreinum sauðalitum (sjá töflu 6)			
<i>M-2-L</i>	<ul style="list-style-type: none">Mislit lamsullHvít lamsull með dökkum hárum/blettumMjög gul lamsull	<ul style="list-style-type: none">Nokkuð hrein	<ul style="list-style-type: none">Gallalítill og óskemmdLítið magn hey/hagamorHúsvistarskemmdirMýrarrauðiLétt þófin	<ul style="list-style-type: none">Kviðull af lömbumLæraull af lömbum
<i>M-2</i>	<ul style="list-style-type: none">Sprey-lituð ull	<ul style="list-style-type: none">Hreinleiki breytilegur	<ul style="list-style-type: none">HlandbrunninLitlir þófasneplar	<ul style="list-style-type: none">KviðullLæraull
<i>Úrkast</i>		<ul style="list-style-type: none">Mjög óhreinMikið hey/hagamorKleprar	<ul style="list-style-type: none">Mjög þófin ullHarðir þófasneplar	<ul style="list-style-type: none">Hnakkahár

Mislit ull af fullorðnu fé

Mislit ull er flokkuð í fyrsta flokks, hreina sauðalitir; svart, grátt eða mórautt. Svarta og mórauða ull sem uppfyllir ekki litagæði fyrsta flokks fara í annan flokk. Öll önnur óskemmd mislit ull flokkast í M-2.

Mislit haustull	Litur	Hreinleiki	Leyfilegir gallar	Gróf ull
<i>M-S/ M-G/ M-M</i>	<ul style="list-style-type: none"> Hreinir sauðalitir MS = svört MG = grá MM = mórauð 	<ul style="list-style-type: none"> Hreinleg 	<ul style="list-style-type: none"> Gallalaus og óskemmd 	<ul style="list-style-type: none"> Læra- og kviðull flokkast frá, fer í M-S-2, M-M-2 eða M-2
<i>M-S-2/ M-M-2</i>	<ul style="list-style-type: none"> Sauðalitir sem uppfylla ekki hreina M-S og M-M MS = svört MM = mórauð 	<ul style="list-style-type: none"> Hreinleiki breytilegur 	<ul style="list-style-type: none"> Lítið magn hey/hagamor Húsvistarskemmdir Hlandbrunnin/mýrarrauði Létt þófin / litlir þófasneplar 	<ul style="list-style-type: none"> Kviðull Læraull
<i>M-2</i>	<ul style="list-style-type: none"> Mislit ull Hvít ull með dökkum hárum/blettum Mjög gul ull Sprey-lituð ull 	<ul style="list-style-type: none"> Hreinleiki breytilegur 	<ul style="list-style-type: none"> Lítið magn hey/hagamor Húsvistarskemmdir Hlandbrunnin Mýrarrauði Létt þófin / litlir þófasneplar 	<ul style="list-style-type: none"> Kviðull Læraull
<i>Úrkast</i>		<ul style="list-style-type: none"> Mjög óhrein Mikið hey/hagamor Kleprar 	<ul style="list-style-type: none"> Mjög þófin ull Harðir þófasneplar 	<ul style="list-style-type: none"> Hnakkahár

Tafla 6: Flokkun á mislitri ull

Vetrarrúin ull

Hvít vetrarrúin ull

- Hvít snoðull
 - **Hvít snoðull** flokkast í **H-Snoð**. Mjög óhrein, þófin eða gölluð ull fer í úrkast. Mjög stutt snoðull fer í úrkast (þel styttra en 3 cm).
- Hvít heilsársull
 - **Hvít heilsársull** flokkast í **H-2-V**. Mjög óhrein ull, þófin eða með miklu mori skal setja í úrkast.
 - Hvít heilsársull með litagalla (dökk hár, mýrarrauði, spreylitir, ...) flokkast í M-2.

Mislit vetrarrúin ull

- **Mislit snoðull** flokkast í **M-2**. Mjög óhrein, þófin eða gölluð ull fer í úrkast. Mjög stutt snoðull fer í úrkast (þel styttra en 3 cm).
- **Mislita heilsársull í hreinum sauðalitum** má flokka í **MS/MG/MM** ef hún uppfyllir kröfurnar taldar upp í töflu 6. Mislit heilsársull flokkast annars í **M-2**. Mjög óhrein, þófin eða gölluð ull fer í úrkast.

Pökkun, frágangur og merking á ullarumbúðum

Eftir flokkun er ullin sett jafnóðum í ullarpoka. **Aldrei skal pakka blautri ull.**

Flokkaðri ull skal afhenda í þar til gerðum ullarpokum. Ístex dreifir sínum eigin ullarpokum um allt land. Ullarpokar þessir eru eign Ístex og einungis ætlaðir í ullarviðskipti hjá Ístex. Það er á ábyrgð ullarframleiðenda sem taka við ullarpokum að pokar séu notaðir rétt, örugglega og skili sig að lokum á söfnunarstað. Ístex áskilur sér rétt að rukka að minnsta kosti 1500 kr fyrir hvern poka sem ekki er notaður í þennan tilgang. Æskilegt er að setja um 20 kg af ull í hvern poka, en að hámarki 25 kg. **Mikilvægt er að merkja alla ullarpoka**, á vel læsilegan hátt, með:

- Kennitölu innleggjanda
- Ullarflokk og rúningstíma (t.d. H-1-H, H-2-V eða H-Snoð, sjá töflu 1)
- Ef ullin er óflokkuð skal taka fram lit, rúningstíma og aldur (Ó-H-L eða Ó-H-H, sjá bls 3).
- Þyngd
- Heildarfjöldi poka (gott er að draga hring í kringum töluna)

Uppgjör

Skrá skal ull eins fljótt og rúningur hefur átt sér stað, helst vel áður en hún er sótt eða send inn. Það hjálpar til við að skipuleggja ullarsöfnun. Skrá þarf upplýsingar um flokkun á Bændatorgi <http://torg.bondi.is> eða koma upplýsingum til Ístex á Blönduósi svo hægt sé að undirbúa uppgjör fyrir ullina:

- Með tölvupósti: ull@istex.is
- Í síma: 892-5670 eða 483-4290